

Fundarnúmer:	146
Dagsetning:	07.05.2008
Tími:	15:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

Árið 2008 miðvikudaginn 7. maí kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 146 fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Í upphafi óskaði oddviti eftir að eftirtalin mál verði tekin inn á dagskrá fundarins:

- Við 5. dagskrálið bætist fundargerð 145. fundar Skipulags og umhverfisráðs.
- Inn á dagskrá komi sem 6. liður. Erindi stjórnar Kennarasamband Norðurlands vestra. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Ársreikningur fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki 2007. Síðari umræða. Sveitarstjóri gerði grein fyrir reikningum. Að lokinni umræðu kom fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir ársreikning sveitarsjóðs og fyrirtækja fyrir árið 2007. Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir ánægju með niðurstöðu ársreikningsins en niðurstaða rekstrarreikninga samstæðu er jákvæð um rúmar 70 millj. kr. Rekstur málaflokka er í samræmi við fjárhagsáætlun ársins. Tekjur sveitarfélagsins voru umtalsvert hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti

a) Fundargerð 537. fundar 14. apríl. Fundargerð í 5 liðum. Lögð var svohljóðandi tillaga fram vegna 4. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að innheimta hreinsunargjalds rotþróa fyrir árið 2008 fari eftir ákvæðum reglugerðar nr. 798/ 1999 um fráveitu og skólp svo og ákvæðum samþykktar sveitarfélagsins nr. 910 um rotþrær og siturlagnir.“ Borinn undir atkvæði 4. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

b) Fundargerð 538. fundar 21. apríl. Fundargerð í 9 liðum. Fram kom ósk um að umræður um 1. lið fundargerðarinnar yrði frestað og afgreiddur með fundargerð 144. fundar skipulags- og umhverfisráðs og var það samþykkt. Borinn undir atkvæði 8. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 6 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

c) Fundargerð 539. fundar 28. apríl. Fundargerð í 7 liðum. Fram kom svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að óska eftir fundi ásamt stjórn U.S.V.H. með forystumönnum U.M.F.Í. um hvaða uppbygging þurfi að fara fram í sveitarfélaginu ef sótt verði um að Unglingalandsmót UMFÍ verði haldið í Húnaþingi vestra.“ Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fram kom svohljóðandi tillaga vegna 3. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fyrirbyggjandi samkomulag við Jón Loft Ingólfsson og Elísu Sigríði Guðmundsdóttur um flutning á greiddum gatnagerðargjöldum ásamt tengigjöldum holræsa, vatnsveitu og hitaveitu af lóðinni Norðurbraut 10 á lóðina Bakkatún 1 á Hvammstanga ásamt fyrirbyggjandi afsali fyrir Norðurbraut 10.“ Borinn undir atkvæði 3. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkvæðum. Oddur Sigurðarson óskaði bókað að hann taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

d) Fundargerð 540. fundar 5. maí. Fundargerð í 5 liðum. Fram kom svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra að sækja um lóðina að Höfðabraut 36 fyrir flokkunar og móttökustöð. Sveitarstjórn felur forstöðumanni tæknideildar og umhverfisstjóra að hefja undirbúning að þeirri framkvæmd.“ Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð 99. fundar fræðsluráðs. Oddviti kynnti. Fundur haldinn 30. apríl.

Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð 86. fundar landbúnaðarráðs 6. maí. Fundargerð í 3 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerðir skipulags og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

a) Fundargerð 143. fundar 7. apríl. Fundargerð 1 liður. Fundargerðin samþykkt með 6 atkvæðum. Oddur Sigurðarson óskaði bókað að hann taki ekki þátt í umræðu og afgreiðslu fundargerðarinnar vegna vanhæfis.

Oddviti lagði fram svohljóðandi bókun: „Með bréfi dags. 14. Apríl s.l. gerði Jón Loftur Ingólfsson eftirfarandi athugasemd við bókun 143. fundar skipulags og umhverfisráðs: „Undirritaður féllst ekki á tillögu Ingva Þórs Loftssonar eins og bókun ráðsins gefur til kynna. Samkvæmt fundargerðinni vék undirritaður af fundi kl. 17:12 án þess að rita undir fundargerð og þannig staðfest að rétt væri eftir haft því er þess óskað að fundargerðinni sé breytt á þann hátt að fram komi að undirritaður hafi ekki fallist á þær breytingar sem taldar eru upp í áðurgreindri bókun ráðsins.

b) Fundargerð 144. fundar 5. maí. Fundargerð í 7. Liðum. Fram kom svohljóðandi tillaga vegna liðar 3 c: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða samþykkt um gatnagerðargjöld: Stofngjöld vatnsveitu og fráveitu, og byggingaleyfis- og þjónustugjöld tæknideildar í Húnaþingi vestra. Borinn undir atkvæði 3. liður c í fundargerðinni ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 5 atkvæðum. Borinn undir atkvæði 3. liður b. Og samþykkt með 6 atkvæðum. Oddur Sigurðarson óskaði bókað að hann taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.

Borinn undir atkvæði liðir 1, 2, 4, 5, 6 og 7 og samþykktir með 7 atkvæðum. Borinn undir atkvæði liður 3 a í fundargerðinni og samþykkt með 6 atkvæðum. Guðný Helga Björnsdóttir vék af fundi við umræðu og afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.

c) Fundargerð 145. fundar 6. maí. Fundargerð í 2 liðum. Borinn undir atkvæði 2 liður fundargerðarinnar og samþykktur með 6 atkvæðum. Oddur Sigurðarson óskaði bókað að hann taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.

Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 7 atkvæðum.

6. Erindi stjórnar Kennarasambands Norðurlands vestra. Fram kom svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að með nýgerðum kjarasamningum launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands og Skólastjórafélags Íslands hafa verið gerðar þær breytingar á launakjörum kennara og skólastjórnenda að ekki sé ástæða til að taka upp sérstakar aukagreiðslur til að kennara við Grunnskóla Húnaþings vestra. Tillaga borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 18:30

Skúli Þórðarson(sign.), Ólafur B. Óskarsson fundarritari(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Heimir Ágústsson(sign.),
Oddur Sigurðarson(sign.), Þ. Karl Eggertsson(sign.),
Rakel Runólfsdóttir(sign.), Stefán Böðvarsson(sign.),
Elín R. Líndal(sign.).